

**Nd.**

### **63. Frumvarp til laga**

um itölu.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

#### 1. gr.

Sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um itölu í heimalönd og afréttarlönd fyrir heilar sýslur eða einstaka hreppa, ef kröfur berast um það eða þær telja þess þörf, enda sé fullnægt skilyrðum laga þessara.

#### 2. gr.

Nú berst hreppsnefnd krafa frá a. m. k. 10 búfjáreigendum innan sveitarfélagsins um, að itölumat verði framkvæmt á jörðum í sveitinni eða á afréttarlöndum hreppsins, og skal þá boða til almenns sveitarfundar um málið. Skal þess getið í fundarboði, hvert mál verði þar til umræðu. Fundur telst lögmætur, ef meira en helmingur atkvæðisbærra búfjáreigenda í hreppnum sækir fundinn og greiðir þar atkvæði. Þess skal getið í fundargerð, hve margir atkvæðisbærir búfjáreigendur séu í sveitarfélaginu og hve margir hafi mætt á fundinum og tekið þátt í atkvæðagreiðslu um fundarefnið.

Verði samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum fundi að óska þess, að ítala verði gerð í heimalönd eða afrétt hreppsins, skal málið sent viðkomandi sýslunefnd til meðferðar. Nú er fellt við atkvæðagreiðslu að krefjast itölu, og má þá taka málið upp aftur að þrem árum liðnum.

#### 3. gr.

Ef verulegar samgöngur búpenings í heimalöndum tveggja eða fleiri samliggjandi hreppa eiga sér stað eða um er að ræða sameiginleg afréttarlönd tveggja eða fleiri hreppa, getur almennur sveitarfundur, sem haldinn er samkvæmt ákvæðum 2. gr., gert kröfu um itölu í lönd aðliggjandi sveitar eða sveita. Slik krafa skal send viðkomandi hreppsnefnd, og er henni skylt að boða til almenns sveitarfundar um málið innan fjögurra vikna frá þeim tíma, er krafan barst henni í hendur. Fer

um lögmati þess fundar svo sem fyrir er mælt í 2. gr. Fundarályktun skal, svo fljótt sem því verður við komið, senda til oddvita sýslunefndar og hreppsnefndar í þeim hreppi, sem átti upptök að kröfunni um ítölu.

4. gr.

Þegar oddvita sýslunefndar hefur borizt fundarályktun um, að ítala skuli gerð, og málið hefur hlotið afgreiðslu á fundum í þeim sveitarfélögum, þar sem það hefur verið tekið til meðferðar samskv. fyrirmælum 3. gr., skal hann hoða sýslunefnd til fundar, svo fljótt sem ástæður leyfa, til þess að taka ákvörðun um málið. Í samþykkt sýslunefndar skal tekið fram, í hvaða lönd ítala skuli gerð, hvenær ítölunefnd skuli hafa lokið störfum og hvenær samþykktin skuli koma til framkvæmda.

Sýslunefnd er heimilt að ákveða ítölu í lönd hreppsfélags, þótt ekki hafi fengið meirihlutasamþykki fyrir því á almennum hreppsfundi, ef sýslunefndin telur það nauðsynlegt til verndar afréttarlöndum eða einstökum jörðum innan hreppsins eða í nágrannasveitum fyrir of miklum ágangi búpenings.

5. gr.

Þegar sýslunefnd hefur gert samþykkt um ítölu, skal hún hlutast til um, að ítölunefnd verði skipuð. Ítala skal metin af þrem mönnum. Sýslumaður tilnefnir einn mann, er stjórnar matinu og heldur gerðabók, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og búnaðarfélag viðkomandi hrepps hinn þriðja. En séu löndin, sem ítölu skal gera í, eign tveggja eða fleiri hreppa, skal stjórn viðkomandi búnaðarsambands tilnefna þriðja nefndarmanninn. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir og af sömu aðilum.

6. gr.

Svo fljótt sem unnt er, eftir að skipun ítölunefndar hefur farið fram, skal formaður kalla nefndina saman til áreiðar á lönd þau, sem um er að ræða. Jafnframt skal hann tilkynna þeim aðilum, er þar hafa hagsmuna að gæta, nær áreiðin fari fram, svo að þeim gefist kostur á að mæta eða láta umboðsmenn mæta við áreiðina. Áreið er því að eins lögmat, að ítölunefnd fullskipuð taki þátt í gerðinni.

Að áreið lokinni skal nefndin, svo fljótt sem því verður við komið, kveða upp úrskurð sinn. Skal hún svo meta ítölu, að fullskipað sé í land, en eigi ofskipað, svo að fénaður megi vel þrífast og eigi sé hætta á, að land spillist sakir ofbeitar. Skal ákveðið, hve margt búfé megi hafa í högum hverrar jarðar, þegar um ítölu í heimalönd er að ræða, og hve mikinn búpening hvert sveitarfélag megi setja á afréttarland, þegar um það er að ræða. Búfé skal lagt í einingar, og er hverjum aðila í sjálfvald sett, hvort hann fyllir ítölu sína með einni búfjártegund eða fleiri tegundum saman.

Til þess að ákvarðanir ítölunefndar séu gildar, þurfa allir nefndarmenn að vera mættir eða varamenn þeirra og greiða atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

7. gr.

Þegar ítölunefnd hefur lokið störfum, skal hún tilkynna viðkomandi hreppsnefnd úrskurð sinn, en hreppsnefnd tilkynnir hreppsbúum og hefur eftirlit með því, að eigi sé fleira búfé sett á heimalönd eða afrétt en ítölunefnd hefur ákveðið. Nú er fleira búfé í hreppnum en heimilt er að reka til afréttar, og ákveður þá hreppsnefnd, hve mikinn búpening megi reka á afrétt frá hverju einstöku býli. Vilji einhver ekki una úrskurði hreppsnefndar, má skjóta málinu til þriggja manna nefndar til fullnaðarákvörðunar. Skal sú nefnd þannig skipuð, að sýslumaður tilnefni einn mann, Búnaðarfélag Íslands annan, en viðkomandi hreppsnefnd hinn þriðja. Afl atkvæða ræður úrslitum í nefndinni.

Nú fyllir sveitarfélag ekki sína ítölu í afréttarland, og er því þá skylt að leyfa

öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur á sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna, enda komi ákveðið gjald fyrir, sem ákveðið skal af ítölunefnd. Nú hefur ábúandi minni fénað í heimahögum en svarar ítölu hans, og má hann þá taka af öðrum, en tilkynna skal hann hreppsnefnd, af hverjum er tekið og hve margt.

#### 8. gr.

Nú eru verulegar samgöngur búfjár í löndum tveggja eða fleiri samliggjandi lögsagnarumdæma, þannig að sýslunefnd, sem vill ákveða ítölu í lönd innan sýslunnar, telur nauðsynlegt, að jafnframt sé gerð ítala í lönd nágrannahéraðs, og getur hún þá gert kröfu til Búnaðarfélags Íslands um, að það mál verði upp tekið. Stjórn Búnaðarfélags Íslands er þá skylt að taka málið til athugunar, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að ítölu sé þörf, skal ítöllumat fara fram. Til þess að meta ítölu í landsvæði, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma, tilnefnir stjórn Búnaðarfélags Íslands þrjá menn, og skulu þeir starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara.

#### 9. gr.

Sandgræðslustjóri getur gert kröfu til Búnaðarfélags Íslands um, að ítöllumat verði framkvæmt, ef hann telur þess þörf til varnar því, að gróðurlendi býla eða afréttar eyðist vegna ofbeitar. Stjórn Búnaðarfélags Íslands leitar þá samkomulags við sýslunefnd í viðkomandi héraði um, að gerð verði samþykkt um ítölu í landið. Náist ekki samkomulag um málið við sýslunefnd eða ef land það, sem um er að ræða, liggur innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma, getur stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveðið, að ítala verði gerð, ef hún telur þess þörf. Skipar þá stjórn Búnaðarfélags Íslands þrjá menn í ítölunefnd, svo sem ákveðið er í 8. gr.

#### 10. gr.

Verði ítala býlis það lág, að matsmenn telji það eigi lífvænlegt til ábúðar, getur eigandi krafizt, að ríkið taki það eignarnámi, ef samningar nást eigi.

#### 11. gr.

Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist samkvæmt reikningi af því sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala gerð í lönd tveggja eða fleiri hreppa, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu fjallskilaskylds penings í hreppunum síðastliðin fimm ár. Sá aðili, er átti upptök kröfunnar um ítölu, greiði kostnaðinn til formanns ítölunefndar, en kröfurétt á hann á endurgreiðslu frá öðrum á þeim hluta, er þeim ber að greiða. Verði ágreiningur um upphæð reiknings ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

#### 12. gr.

Vilji einhver, sem hlut á að máli, ekki una úrskurði ítölunefndar, getur hann krafizt þess innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar, að yfiritöllumat skuli fram fara. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjá menn til yfiritöllumats, og sé einn þeirra formaður. Fer um framkvæmd yfirmats eftir yfirmælum laga þessara.

Kostnaður við yfirmatið greiðist samkvæmt því, sem ákveðið er í 11. gr., ef matið breytist um 10 af hundraði eða meira. Að öðrum kosti greiðist hann af þeim, er krafðist yfirmats.

#### 13. gr.

Ef land spillist eða þrjú ár eru liðin, frá því að samþykktir um ítölu öðluðust gildi, er skylt að taka ítöllumatið til endurskoðunar, ef þess er krafizt af a. m. k.  $\frac{1}{4}$  búpeningseigenda í sveitarfélagi, sem hlut á að máli, eða af sandgræðslustjóra. Skal þá ítölunefnd skipuð á ný eftir yfirmælum laga þessara.

14. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og samþykktu, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 100—10000 krónum, og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld ákvæði 14. og 15. greinar laga nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, svo og önnur lagaákvæði, er koma kunna í bága við lög þessi.

Nú eru gerðar samþykktir um ítölu samkvæmt lögum þessum, og falla þá úr gildi eldri ákvæði, sem sett hafa verið með samningum eða á annan hátt um ítölu í lönd viðkomandi sveitarfélags.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinar gerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu. Ályktun um það efni, sem frv. fjallar um, var samþykkt á síðasta aðalfundi sýslunefndarinnar, en erindi um málið hafði nefndinni borizt frá bónda í sýslunni, Ólafi Guðmundssyni á Þóreyjarnúpi. Bréf hans til sýslunefndarinnar, dags. 21. apríl s. l., og bréf oddvita sýslunefndarinnar, Guðbrands sýslumanns Ísbergs, til flutningsmanns frumvarpsins, dags. 8. maí þ. á., eru birt hér með sem fylgiskjöl.

Það er álit margra manna, að heimalönd jarða og afréttarlönd í sumum héruðum landsins hafi gengið úr sér á síðari árum vegna þess, að ofsett sé í löndin. Er það m. a. talið stafa af mikilli fjölgun hrossa á undanförunum árum, sem einkum hefur orðið í þeim landshlutum, þar sem mæðiveikin og aðrar fjárpestir hafa herjað á sauðfjárstofninn. Er það skiljanlegt, að bændur í þeim sveitum, þar sem sauðfjárveiki hefur valdið mestu tjóni, hafi tekið það ráð að fjölga öðrum búfjártegundum, t. a. hrossunum, einkum þar sem kostnaður við fódur þeirra hefur yfirleitt verið lítil síðustu árin. En sennilega hafa margir hrossaeigendur ekki gætt þess, svo sem skyldi, að fyrir stórar hestahjarðir þarf viðáttumikil og góð beitolönd og að sú hætta vofir yfir, ef hrossunum fjölgar mjög, að fódurskortur verði fyrir þau og annan búpening, þegar harðindi koma.

Ef svo fer, að gróðurlendi eyðist sakir ofbeitar, hlýtur það að valda landbúnáðinum miklu tjóni. Kemur það fram í rýrnun afurða og auknum fódurkostnaði búfjárins. Er því nauðsynlegt, að reynt verði að afstýra þeirri hættu, að landkostum verði spillt með ofbeit fénaðar. Virðist þá það ráð næst hendi að takmarka fjölda búfjár í högum með ítölu í heimalönd jarða og afréttir, svo sem lagt er til í frumvarpi þessu.

Hér er ekki um nýmæli að ræða. Í landleigubálki Jónsbókar er gert ráð fyrir ítölu í afréttarlönd, en þau ákvæði eru senn 700 ára gömul og svara eigi þörfum nútímans. Í lögum nr. 18 frá 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, er ákveðið, að sandgræðslustjóri geti átt frumkvæði að því, að ítala verði gerð í land, ef hann telur þess þörf. Með þessu frumvarpi er lagt til, að sett verði viðtækari lagafyrirmæli um þetta efni, og ákvæði sandgræðslulaganna um ítölu eru tekin í þetta frv. að mestu óbreytt að efni til, þar sem heppilegra virðist, að fyrirmælin um ítölu séu í einum lögum.

Um einstakar greinar frv. skal þetta fram tekið:

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að sýslunefndum verði veitt heimild til að gera samþykktir um ítölu í heimalönd og afrétti fyrir heilar sýslur eða einstaka hreppa, ef kröfur berast um það frá almennum sveitarfundum eða Búnaðarfélagi Íslands. Sýslunefndum sé einnig heimilt að setja slíkar samþykktir, ef þær telja þess þörf, þótt kröfur hafi ekki horizt um það frá þeim aðilum, sem að framan eru nefndir.

Um 2. gr.

Svo er til ætlazt, að ef eigi færri en 10 búfjáreigendur í einhverju sveitarfélagi krefjast þess, að ítala verði gerð í heimalönd eða afréttarland sveitarinnar, skuli hreppsnefnd skylt að taka málið til meðferðar á almennum hreppsfundi, svo sem nánar er ákveðið í greininni.

Um 3. gr.

Viða hagar svo til, að samgöngur búfjár í löndum tveggja eða fleiri hreppa eru miklar eða hreppar hafa sameiginleg afréttarlönd. Er þá þýðingarlítið, að ítala sé gerð í lönd einnar sveitar aðeins, og er ákveðið í þessari grein, á hvern hátt málið skuli upp tekið í nágrannasveitum þess hreppsfélags, sem hefur samþykkt kröfur um ítölu.

Um 4. gr.

Í grein þessari eru fyrir mæli um málsmeðferð hjá sýslunefndum. Í 2. málsg. er svo fyrir mælt, að sýslunefnd geti ákveðið ítölu í heimalönd eða afréttir, þótt ekki hafi fengizt samþykki fyrir því á almennum fundi í viðkomandi sveitarfélagi, ef sýslunefndin telur það nauðsynlegt. Virðist óhjákvæmilegt að hafa slíkt ákvæði, til þess m. a., að einstakar sveitir geti ekki hindrað framkvæmd ítölu í sameiginleg afréttarlönd tveggja eða fleiri hreppa eða samliggjandi heimalönd, þar sem verulegar búfjár samgöngur eiga sér stað milli sveitarfélaga, sbr. 3. gr.

Um 5. gr.

Það getur vitanlega verið álitamál, hvernig skipun ítölunefndar eigi að vera. Hér er lagt til, að sýslumaður tilnefni einn mann, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og búnaðarfélag viðkomandi hrepps hinn þriðja, ef aðeins er gerð ítala í lönd einnar sveitar. En sé um lönd fleiri hreppa að ræða, skal þriðji nefndarmaðurinn valinn af stjórn búnaðarsambands í viðkomandi héraði.

Um 6. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd matsins en þau, sem eru í þessari grein, þykir eigi fært að setja í lögin, en geta e. t. v. verið í reglugerð. Rétt þykir, að búfjáreigendur geti ákveðið, hvort þeir fylla ítölu sína með einni eða fleiri búfjártegundum. Er því ítölunefnd ætlað að leggja búfé í einingar og ákveða, hve mikinn einingafjölda megi setja á það land, sem metið er.

Um 7. gr.

Hreppsnefndir eiga að hafa eftirlit með því, hver í sínum hreppi, að fylgt sé úrskurðum ítölunefndar. Þær ákveða einnig rétt hvers býlis til afréttarlands sveitarinnar, en úrskurðum hreppsnefnda um það atriði má skjóta til yfirmats þriggja manna, og eru fyrir mæli í greininni um tilnefningu þeirra.

Ef sveitarfélag fyllir ekki ítölu sína í afréttarland, þykir rétt að heimila öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur á sömu afrétt, að nota landið, ef það hefur þess þörf, enda komi gjald fyrir, sem ákveðið sé af ítölunefnd.

Um 8. gr.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir aðallega, að sýslunefndir geri samþykktir um ítölu, hver í sínu umdæmi. En viða eru miklar búfjár samgöngur milli lögsagnarumdæma,

og er þá ekki að vænta árangurs af itölu í lönd einnar sýslu, nema um leið sé framkvæmt itölumat á aðliggjandi löndum. Í þessari grein frv. eru fyrirmæli um framkvæmd itölu í landsvæði, sem liggja innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma, og er til þess ætlað, að stjórn Búnaðarfélags Íslands velji menn til að meta itölu í þau lönd, þar sem þá er ekki unnt að haga skipun itölunefndar með þeim hætti, sem ákvæðið er í 5. grein.

Um 9. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar getur sandgræðslustjóri og stjórn Búnaðarfélags Íslands átt frumkvæði að því, að itala verði gerð. Er þetta í samræmi við ákvæði 14. og 15. gr. laga nr. 18 frá 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Um 10. gr.

Samhljóða ákvæði er í 15. gr. laga nr. 18 28. maí 1941.

Um 11. og 12. gr.

Eigi þörf skýringa.

Um 13. gr.

Skytt er að taka itölumat til endurskoðunar að þrem árum liðnum, frá því að það gekk í gildi, ef þess er krafizt. Þó er hægt að krefjast endurskoðunar, áður en sá tími er liðinn, ef land spillist, og er þetta í samræmi við ákvæði sandgræðslulaganna.

Um 14. og 15. gr.

Þarf ekki að skýra.

Um 16. gr.

Eins og áður er getið, er tekið í þetta frv. efni 14. og 15. gr. laga um sandgræðslu og heftingu sandfoks frá 1941 og því lagt til, að þær greinar falli niður, um leið og frv. þetta verður að lögum. Hins vegar þykir eigi ástæða til að taka í þetta frv. ákvæði 15. gr. landskiptalaga frá 1927 um itölu í beutiland, þar sem þau virðast aðeins eiga við, þegar tveir eða fleiri menn hafa sambeit í óskiptu landi einstakrar jarðar.

## Fylgiskjöl.

### I. Bréf Ólafs Guðmundssonar.

Ég fer þess hér með á leit við háttvirta sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu, að hún sendi áskorun til þingmanns kjördæmisins og Alþingis, að sett verði lög, sem heimila itölumat í heimalönd jarða.

Læt ég hér með fylgja þessari beiðni stutta greinargerð.

Það er orðið ærið umhugsunar- og áhyggjuefni margra góðra manna víðs vegar um landið, að beitarþoli fjölmargra jarða er stórlega ofboðið, svo að landsþjöll mega heita þar, sem ástandið er lakast, og tel ég, að svo sé hér í Kirkjuhvammshreppi. Líklega má segja það sama um margar jarðir í Þverárhreppi, og svo mun víðar vera. Þessir tveir hreppar hafa sérstöðu móts við aðra hreppa sýslunnar að því leyti, að þeir hafa ekki aðgang að hinum víðáttumiklu og grösugu heiðalöndum. Bændur verða því að hafa allan sinn pening í heimahögum að sumrinu sem annan tíma ársins. Þetta gerir þann mikla mun, að í öðrum hreppum sýslunnar eru heimahagarnir að mestu friðaðir fyrir ágangi búfjár að sumrinu, þar fær grasið að spretta í friði. Heimalöndin eru því sæmilega búin undir haust- og vetrararbeit. Býst ég þó við, að einnig þar sé fullsett á hagana.

Hér við Vatnsnesfjall er allt öðru máli að gegna. Hér er grasið bitið og troðið niður, jafnskjótt sem það skýtur kollinum upp úr rótinni. — Rétt er ef til vill að láta þess getið, að Þverárhreppur getur komið af sér nokkrum hrossum á Haukagilsheiði.

Ég er búinn að vera á Þóreyjarnúpi í 36 ár. Á þessum tíma hefur gróðurfari hér við Vatnsnesfjall stórum hnignað þar, sem ég þekki til. Mestu hefur munað nú síðustu 5—10 árin, enda hrossum fjölgað mest á því tímabili.

Sums staðar fer saman fjöldi hrossa og lítill lönd, sem eru þvergirt fyrir ofan miðjar hliðar, og er þá ekki nema lítill landskækill fyrir ofan girðingar. Á þennan litla skækil er svo settur yfir sumartimann sauðfénaður sá, sem til er á jörðinni, — og mundi mörgum finnast það yfrið nóg, — og 30—70 stóðhross í ofanálag. Vitanlega hafa skepnur þessar hvergi nærri fullnægjandi haga á þessum litlu blettum og veita þá að leita fyrir sér með björg þar, sem frekar er eitthvað að hafa. Eru það þungar búsigjar að búa undir ágangi þeim, sem af þessu leiðir, fyrir þá bændur, sem stærri lönd hafa. Útkoman verður því sú, að þær jarðir, sem landstærri eru — og hóflegar sett í hagana — eru engu betur farnar en hinar, sem ofhlaðnar eru af búfénaði.

Mönnum þarf að skiljast það, að engu er betra að setja ofmikið á hagann en heyin, og þetta sæju menn strax, ef skepnurnar kæmust ekkert út úr hinum þröngu löndum. Þá kæmu þær horaðar af fjalli að haustinu.

Það virðist vera allmikið ósamræmi í því að refsa mönnum fyrir að taka ófrjálsri hendi eitthvert lítilræði frá náunganum, þótt ekki sé nema skóbótarvirði, en láta menn standa ráðþrota og réttlause, þótt þeir séu rændir og ruplaðir aðalísbjörginni, grasinu, sem öll afkoma þeirra sem bænda byggist á. Ég held, að hér sé slæmt gat á réttvísinni, sem ekki væri vanþörf á að sletta bót yfir. En hér er meira í húfi. Ofmikil beit veldur örtröð og uppblæstri landsins og er því eitt hið versta skemmdarverk, sem hægt er að gera sig sekan um.

Hrossunum þarf að fækka. Það verður að setja löggjöf tafarlaust, sem heimilar ítölumat í lönd jarða. Það verður að fara fram mat á beitarpóli jarðanna. Þetta mat þarf að framkvæmast af hlutlausum, dómbærum og samvizkusömum mönnum, án manngreinarálits og ívilnana til handa þeim, sem hlut eiga að máli. Í lögum þeim, sem sett kunna að verða um þetta efni, þurfa að vera ákvæði, sem tryggja mönnum rétt gagnvart hóflausum ágangi af skepnum annarra manna.

Það þing, sem nú situr, þarf að taka þetta mál til meðferðar og ganga frá því á viðunandi hátt. Ég vona, að háttvirt sýslunefnd taki þetta mál til velviljaðrar athugunar.

Virðingarfyllt.

Þóreyjarnúpi, 21. apríl 1943.

Ólafur Guðmundsson  
(sign).

Til sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu, Hvammstanga.

## II. Bréf Guðbrands Ísbergs sýslumanns.

### SÝSLUMAÐURINN Í HÚNAVATNSSÝSLU

Blönduósi, 8. maí 1943.

Hjálagt sendi ég yður, herra alþingismaður, samrit af erindi, er Ólafur Guðmundsson, bóndi að Þóreyjarnúpi, sendi sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu og tekið var fyrir á aðalfundi hennar, er haldinn var nýlega. Út af erindinu var samþykkt svo hljóðandi tillaga:

„Sýslunefndin skorar á þingmann kjördæmisins að beita sér fyrir því, að sett verði lög á Alþingi, er heimili sýslunefndum að gera samþykktir um ítölumat búpenings á jörðum fyrir sýsluna alla eða einstaka hreppa hennar.“

Samkvæmt þessu er þess vænzt, að þér takið mál þetta að yður til flutnings á Alþingi, í því formi, er þér teljið best við eiga.

Ég hef heyrt stungið upp á því að miða við landverð jarða eingöngu, leggja t. d. hálf hross á hvert jarðarhundrað. Miðað við hagleysi vetrarlangt í aftakavetrum mundi það geta staðizt að mestu, en í hagagönguhéraði sem Húnavatns-sýslu býst ég við, að slík tilhögun gæti ekki gengið, — yrði að taka sérstakt tillit til hagasældar á hverjum stað. Aðalvandinn er að búa svo um framkvæmd matsins, að menn bæru almennt fullt traust til þeirra manna, er það framkvæma. Mættu þeir varla vera færri en þrír, en starfssvið þeirra sýslan öll. Mætti hugsa sér þá kosna: a. Af sýslunefnd. b. Af hreppsnefndum allra hreppanna á sameiginlegum fundi þeirra. c. Af fulltrúum allra hreppanna á sameiginlegum fundi, en hver hreppur kysi t. d. þrjá menn á ahnenum sveitarfundi til þátttöku í kjörfundinum. Hygg ég, að síðast talda aðferðin mundi verða vinsælust og heppilegust. Hreppsnefndir hafa ekki verið kjörnar með þetta verkefni fyrir augum, og sýslunefndum er talið nokkuð gjarnt til að telja meðlimi sína á hverjum tíma vera færustu menn sýslunnar til allra slíkra starfa, en ekki víst, að almenningur líti eins á það mál.

Um málið skal að öðru leyti ekki fjölýrt nú. Aðeins skal bent á það atriði sem eitt af mörgum, en ekki óverulegt, að fjöldi fólks, sem aflutt er úr sýslunni fyrir mörgum árum, á hross þar og sumt mörg. Er vanalega talið, að þau séu á vegum Péturs eða Páls, en eru í rauninni sett á þann haga, sem þau sjálf finna oft og einatt. Þykir það ekki nema sjálfsagður greiði, að búandi maður leyfi kunningja sínum eða ættingja að „telja“ nokkur hross í haga hjá sér, enda þótt hann hafi sjálfur nóg í sínum högum. Þetta viðhorf mundi breytast, ef hver búandi gæti sagt: „Þetta mörg hross má ég hafa og fleiri ekki,“ nema þá gegn það háu hagagjaldi, er gengi í almennan sjóð (t. d. til ræktunar á uppblásnu landi), að enginn utansýslubúi sæi sér hag í að búa áfram í sýslunni á þennan hátt og stórauka hættuna á hrossafelli í héraðinu, ef harðindi bæri að höndum.

Vona, að alþingismenn skilji nauðsyn einhverra aðgerða í málum þessum, eins og nú er högum háttað.

Virðingarfyllt.

Guðbr. Ísberg  
(sign).

Herra alþingism. Skúli Guðmundsson, Hvammstanga.